

REGLUGERÐ

um innheimtu gjalda til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

1. gr.

Greiða skal gjald til Framleiðsluráðs landbúnaðarins af heildsöluverði búvara skv. lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Búvörur teljast í reglugerð þessari afurðir búfjár, þ.m.t. afurðir nautgripa, sauðfjár, hrossa, svína, alifugla og loðdýra, afurðir nýttjajurta og afurðir hlunninda. Reglugerð þessi tekur ekki til afurða alifiska.

2. gr.

Fimmannanefnd, sem ákveður heildsöluverð, sbr. IV. kafla l. nr. 46/1985, reiknar hvert gjaldið skuli vera, þegar hún ákveður heildsöluverð búvöru.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar gjaldið af þeim búvörum sem ekki eru undir verðákvörðun fimmannanefndar.

Leita skal staðfestingar landbúnaðarráðherra á útreikningum gjaldsins.

3. gr.

Gjald skv. 1. gr. skal vera 0,25% af þeim gjaldstofni, sem er reiknaður á eftirfarandi hátt:

A. Afurðir nautgripa.

Af mjólk og mjólkurvörum reiknast gjaldið af hverjum lítra mjólkur eftir skráðu grundvallarverði til bænda að viðbættum meðaltals vinnslu- og heildsölu kostnaði, eins og hann er ákveðinn af fimmannanefnd. Sama gjald greiðist af hverjum lítra mjólkur sem seldur er beinni sölu frá framleiðanda til neytenda.

Mjólkurbú skal mánaðarlega standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á skýrslu um magn innveginna mjólkur sem gjaldið reiknast eftir.

Framleiðandi mjólkur og mjólkurvara sem selur beint til verslunar eða neytenda, skal standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á skýrslu um magn seldra afurða sem gjaldið reiknast eftir.

Af sláturafurðum nautgripa reiknast gjaldið af grundvallarverði til bænda að viðbættum slátur- og heildsölu kostnaði, eins og hann er ákveðinn hverju sinni.

Fimmannanefnd reiknar gjaldið á kíló nautgripakjöts að meðaltali eftir skiptingu nautgripakjöts í verðflokka að magni til samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða. Bæta skal 5% við vegna sláturs og húða.

Framleiðsluráði landbúnaðarins er þó heimilt að óska eftir því vð fimmannanefnd, að hún reikni tvo gjaldflokka fyrir nautgripakjöt, enda mæli sérstakar ástæður með slíkri skiptingu. Framleiðsluráð gerir tillögur til fimmannanefndar um skiptingu nautgripakjöts á gjaldflokkana.

B. Afurðir sauðfjár.

Af sláturafurðum sauðfjár, þ.e. kjöt, slátur og gærur, reiknast gjaldið af grundvallarverði til bænda að viðbættum slátur- og heildsölu kostnaði, eins og hann er ákveðinn hverju sinni.

Fimmannanefnd reiknar gjaldið á kíló kindakjöts að meðaltali eftir skiptingu kindakjöts í verðflokka að magni til eftir verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða, að viðbættu verðmæti sláturs og gæra.

Framleiðsluráði landbúnaðarins er þó heimilt að óska eftir því við fimmannanefnd, að hún reikni tvo gjaldflokka fyrir kindakjöt, þ.e. einn gjaldflokk fyrir dilkakjöt og annan fyrir kjöt af fullorðnu sauðfé, enda mæli sérstakar ástæður með slíkri skiptingu.

Af órveginni ull reiknast gjaldið af grundvallarverði til bænda að viðbættum þvotta- og heilðslukostnaði, eins og hann er metinn hverju sinni. Gjaldið reiknast á kíló ullar sem vegið meðaltal, samkvæmt skiptingu ullar í verðflokka að magni til eftir verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða.

Afurðastöðvar sem taka á móti ull frá framleiðendum til vinnslu og sölu, skulu mánaðarlega standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á skýrslu um móttekna ull frá framleiðendum og greiða gjaldið til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

C. Afurðir hrossa.

Af sláturafurðum hrossa reiknast gjaldið af grundvallarverði til bænda að viðbættum slátur- og heilðslukostnaði, eins og hann er ákveðinn hverju sinni.

Fimmannanefnd reiknar gjaldið á kíló hrossakjöts sem vegið meðaltal eftir skiptingu hrossakjöts í verðflokka að magni til, samkvæmt verðákvörðun verðlagsnefndar landbúnaðarafurða og framleiðsluskýrslum síðustu tveggja ára, sem til eru. Bæta skal við 5% vegna sláturs og húða.

D. Afurðir svína.

Af sláturafurðum svína reiknast gjaldið af verði til framleiðenda, að viðbættum slátur- og heilðslukostnaði. Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar gjaldið á kíló svínakjöts sem vegið meðaltal eftir skiptingu svínakjöts í verðflokka að meðaltali.

E. Afurðir alifugla.

Af sláturafurðum alifugla reiknast gjaldið af verði til framleiðenda að viðbættum slátur- og heilðslukostnaði að meðaltali á kíló kjöts hvernig alifuglategundar. Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar gjaldið á hvert kíló kjöts.

Af eggjum reiknast gjaldið af verði til framleiðenda, að viðbættum þökkunar- og heilðslukostnaði. Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar gjaldið á kíló eggja.

Afurðastöð sem tekur við eggjum frá framleiðendum skal mánaðarlega standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á skýrslu um móttekin egg og standa framleiðsluráði skil á gjaldi af þeim. Í skýrslu afurðastöðvar skal geta um nafn framleiðanda og innlagt magn hans.

Framleiðsluráð landbúnaðarins innheimtir gjaldið af framleiðendum, sem selja egg til smásöluverslana og neytenda.

F. Afurðir loðdýra.

Af útfluttum loðdýraafurðum reiknast gjaldið af uppboðsverði (hamarsverði) til framleiðenda að frádregnum uppboðskostnaði.

Að loknu hverju uppboði skal útflutningsaðili standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á skýrslu um framleiðslumagn og seldar loðdýraafurðir hvers framleiðanda.

Skulu útflutningsaðilar reikna út hvert gjaldið skuli vera og standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á því.

Framleiðsluráð landbúnaðarins innheimtir gjaldið af þeim framleiðendum sem selja loðdýraafurðir innanlands og skulu þeir mánaðarlega standa framleiðsluráði skil á skýrslu um magn, einingarverð og verðmæti seldra loðdýraafurða og standa framleiðsluráði skil á gjaldi af þeim.

G. Afurðir nytjajurta.

1. Garðávextir.

Af kartöflum og öðrum garðávöxtum skal reikna gjaldið af verði til framleiðenda að viðbættum heildsölu-, þökkunar- og dreifingarkostnaði, sem vegið meðaltal allra verðflokka. Um útreikning gjaldsins fer samkvæmt 2. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins innheimtir gjaldið af þeim framleiðendum sem selja garðávexti til smásöluverslunar og neytenda.

Afurðastöð sem tekur við garðávöxtum frá framleiðendum, skal mánaðarlega standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á skýrslu um magn móttækinna garðávaxta og standa framleiðsluráði skil á gjaldi af þeim.

Í skýrslu afurðastöðvar til framleiðsluráðs skal geta um nafn framleiðanda og innlagt magn hans.

2. Afurðir gróðurhúsa og aðrar nytjajurtir.

Af afurðum gróðurhúsa og öðrum nytjajurtum skal reikna gjaldið af verði til framleiðanda að viðbættum heildsölu-, þökkunar- og dreifingarkostnaði.

Framleiðsluráð landbúnaðarins innheimtir gjaldið af þeim framleiðendum sem selja gróðurhúsaafurðir og aðrar nytjajurtir til smásöluverslunar og neytenda.

Afurðastöð sem tekur við gróðurhúsaafurðum og öðrum nytjajurtum frá framleiðendum skal mánaðarlega standa framleiðsluráði skil á skýrslu um magn, einingarverð og verðmæti móttækinna afurða og standa framleiðsluráði skil á gjaldi af þeim.

Í skýrslu afurðastöðvar til framleiðsluráðs skal geta um nafn framleiðenda og innlagt magn hans.

H. Afurðir hlunninda.

Af afurðum hlunninda reiknast gjaldið af brúttóverðmæti þeirra. Hlunnindabóndi skal mánaðarlega standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á skýrslu um seld hlunnindi og verðmæti þeirra, skipt eftir tegundum hlunninda.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar gjaldið á hverja afurð hlunninda og innheimtir það af hlunnindabændum, félagasamtökum þeirra eða afurðastöð, eftir því sem við á.

4. gr.

Við útflutning lífdýra reiknast 0,25% gjald af verði þeirra kominna í útflutningsfar (þ.e. af f.o.b.-verði).

Við útflutning sláturdýra reiknar Framleiðsluráð landbúnaðarins gjaldið á hvert kíló kjöts og áætlað fall dýranna. Seljandi stendur framleiðsluráði skil á skýrslu um útflutning lífdýra og sláturdýra og greiðir gjald af þeim.

5. gr.

Sláturleyfishafi skal mánaðarlega standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á skýrslu um magn og flokkun kjöts af hverri tegund sláturdýra sem komið hafa til slátrunar hjá honum, hvort sem er til innleggs eða ekki. Skal hann greiða gjaldið til Framleiðsluráðs landbúnaðarins og sé um útselda slátrun að ræða, skal hann innheimta gjaldið með sláturlaunum og standa framleiðsluráði skil á því.

6. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins getur heimilað einstökum framleiðanda búvöru að skila skýrslu í lok hvers verðlagsárs. Framleiðsluráð getur einnig heimilað þeim sem hafa með höndum árstíðabundna búvöruframleiðslu að skila skýrslum um gjaldskyldu og greiða gjaldið að loknu hverju framleiðslutímabili, eða með tveimur jöfnum greiðslum skv. 7. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur gera eyðublöð og sendir gjaldskyldum aðilum, þeim að kostnaðarlausu. Skýrslur skulu staðfestar með undirritun löggiltra endurskoðenda, þegar um bókhaldsskylda aðila er að ræða.

7. gr.

Greiða skal gjaldið fyrir hvert sex mánaða tímabil, þ.e. 1. september og 1. mars og skal uppgjör fara fram innan 30 daga frá lokum hvers tímabils.

Sé gjaldið ekki greitt innan 30 daga frá gjalddaga skv. 1. mgr., skal innheimta dráttarvexti af gjaldfallinni upphæð. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma og skulu þeir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

Gjald til Framleiðsluráðs landbúnaðarins má taka lögtaki.

8. gr.

Skili gjaldskyldur aðili ekki tilskildum skýrslum til Framleiðsluráðs landbúnaðarins, eða gögn þykja að mati framleiðsluráðs ófullnægjandi, þá skal framleiðsluráð áætla framleiðslu viðkomandi aðila og gjald af henni og innheimta gjaldið samkvæmt áætluninni.

Framleiðsluráð skal skriflega tilkynna greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga getur hann, innan 20 daga frá og með póstsendingardegi tilkynningar um áætlun gjaldsins, krafist þess skriflega að framleiðsluráð taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með sölu- eða framleiðsluskýrslum eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Framleiðsluráð skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu framleiðsluráðs til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan 30 daga frá póstlagningu bréfs framleiðsluráðs.

Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða ágreiningur um gjaldskyldu, frestar ekki eindaga gjaldsins né leysir undan neinum viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu þess. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu framleiðsluráðs eða úrskurði ráðherra, skal endurgreiðsla fara fram án tafar.

9. gr.

Rísi ágreiningur um gjaldskyldu eða önnur atriði varðandi reglugerð þessa, sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

10. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. apríl 1986.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigbórsson.